

ÚTHLUTUNARREGLUR

Velferðarsjóðs Bændasamtaka Íslands

1. gr.

Almennt

Úthlutunarreglur þessar eru settar af framkvæmdastjórn Velferðarsjóðs Bændasamtaka Íslands (hér eftir framkvæmdastjórn) á grundvelli 4. gr. samþykktu fyrir Velferðarsjóð Bændasamtaka Íslands frá 13. desember 2017. Reglurnar eru til nánari fyllingar og útfærslu á ákvæðum samþykktanna og gilda um allar úthlutanir úr sjóðnum.

2. gr.

Tilgangur og markmið

2.1 Tilgangur og markmið sjóðsins er að styðja fjárhagslega við félagsmenn Bændasamtaka Íslands er þeir verða fyrir meiriháttar áföllum í búrekstri sínum. Sjóðurinn styður einnig forvarnarverkefni tengd vinnuvernd og slysavörnum eða önnur verkefni sem hafa það að markmiði að bæta velferð sjóðsfélaga.

2.2 Greiðslum úr sjóðnum er ætlað að koma til móts við aukinn rekstrarkostnað sem leiðir af meiriháttar áfalli í búrekstri eða styrkja fyrirbyggjandi aðgerðir skv. 4. gr.

3. gr.

Sjóðsaðild

3.1 Um styrk úr Velferðarsjóði Bændasamtaka Íslands geta sótt allir félagsmenn Bændasamtakanna með fulla aðild, þ.e.:

3.1.2 lögaðilar eða

3.1.3 einstaklingar í atvinnurekstri.

Forsenda fyrir úthlutun úr Velferðarsjóði er að umsækjandi hafi verið með fulla aðild að Bændasamtökum þegar umsókn var gerð og þegar tilefni umsóknarinnar (þ.e. slys eða veikindi) bar að garði.

3.2 Framkvæmdastjórn skal upplýsa sjóðsaðila um rétt þeirra til aðstoðar á aðgengilegan hátt á vefsíðu Bændasamtakanna og öðrum miðlum eftir atvikum.

4. gr.

Úthlutanir styrkja

4.1 Styrkjum er úthlutað til endurgreiðslu útlagðs kostnaðar í heild eða hluta vegna eftirfarandi:

4.2 Meiriháttar áfall í búrekstri vegna veikinda og slysa.

- 4.2.1 Greiddir eru styrkir vegna útlagðs rekstrarkostnaðar sem fellur til sökum langvarandi veikinda þess sem að búrekstri stendur, enda telst viðkomandi óvinnufær að hluta eða öllu leyti og vinnutapið hefur sannanlega leitt af sér aukinn rekstarkostnað vegna ráðninga afleysingafólks, aðkeyprar þjónustu eða sambærilegra útgjalda.
- 4.2.2 Sama gildir ef viðkomandi er óvinnufær af völdum slyss.

Nauðsynlegt er að umsækjandi sýni fram á að viðkomandi kostnaður hafi fallið til vegna þeirra veikinda eða slyss sem umsóknin er byggð á, en sé ekki hluti af hefðbundnum kostnaði við búreksturinn.

- 4.2.3 Miðað skal við að veikindin hafi staðið yfir í a.m.k. þrjá mánuði samfellt.
- 4.2.4 Greiddir eru styrkir vegna útlagðs kostnaðar sem fellur til á því tímabili er sá sem að búrekstri stendur er sannanlega óvinnufær vegna veikinda, að hámarki kr. 250.000. ,- fyrir hvern mánuð. Ekki er greitt fyrir fyrsta veikindamánuð.
- 4.2.5 Styrkir eru ekki greiddir fyrir lengra tímabil en sex mánuði á hverju tólf mánaða tímabili. Sjóðsaðilar geta sótt um styrk skv. gr. 4.2 annað hvert ár.

4.3 Forvarnir og vinnuvernd.

- 4.3.1 Greiddir eru styrkir vegna útlagðs kostnaðar við forvarnarverkefni tengdum vinnuvernd, slysavörnum eða verkefni í einstökum búgreinum til að bæta velferð manna, t.d. til eflingar öryggismála á viðkomandi búi eða í viðkomandi starfsgrein.

5. gr.

Umsóknir

5.1 Í umsókn um úthlutun skv. 4. gr. skal eftirfarandi koma fram:

- Nafn, kennitala, heimilisfang og símanúmer einstaklings og/eða lögaðila.
- Dagsetning umsóknar.
- Lýsing á starfsemi, tegund búrekstrar, t.d. skv. ISAT atvinnugreinaflokkun.
- Bankareikningsnúmer.
- Fjárhæð styrks sem sótt er um.
- Ástæður umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir því hvernig styrksumsókn uppfyllir kröfur um styrkhæfi skv. 4. gr.
- Læknisvottorð sem staðfestir óvinnufærni í heild eða að hluta fyrir það tímabil sem sótt er um.
- Afrit af löglegum reikningum vegna útlagðs kostnaðar. Einvörðungu er hægt að sækja um styrk til að mæta rekstrarkostnaði sem sannanlega hefur hlotist af viðkomandi slysi eða veikindum.
- Greiðslukvittanir, staðfesting á greiðslu, t.d. þegar greidd hafa verið laun eða þjónusta verktaka.
- Skilagrein vegna reiknaðs endurgjalds RSK, með greiðslustimpli eða sambærileg staðfesting á reiknuðu endurgjaldi einstaklings í atvinnurekstri, ef við á.

Nauðsynlegt er að skilagreinin staðfesti að umsækjandi hafi haft tekjur af búrekstrinum í heild eða að hluta og þá hvaða breytingar hafi orðið á því vegna veikinda eða slyss.

- Launaseðlar, ef við á, fyrir síðustu þrjá mánuði fyrir slys/veikindi og fyrir það tímabil sem sótt er um.
- Önnur fylgigögn eftir því sem við á eða framkvæmdastjórn kann að kalla eftir.

5.2 Framkvæmdastjórn er heimilt að hafna umsókn ef ágalli er á umsókninni eða fylgigögnum sem benda til þess að umsóknin falli ekki að þeim skilyrðum sem sett eru fyrir stuðningi. Jafnframt er framkvæmdastjórn heimilt að kalla eftir fleiri gögnum ef þurfa þykir. Skal þá gefinn tilgreindur frestur til að skila gögnum. Berist þau ekki innan tilgreinds frests kemur umsókn ekki til afgreiðslu í viðkomandi úthlutun.

5.3 Umsóknum skal skilað á umsóknareyðublaði sem framkvæmdastjórn sjóðsins útbýr og gerir sjóðsfélögum aðgengileg.

5.4 Umsóknir og fylgigögn til Velferðarsjóðs Bændasamtaka Íslands skal senda á pappír í ábyrgðarpósti á eftirfarandi póstfang:

Velferðarsjóður Bændasamtaka Íslands,
Bændahöllinni við Hagatorg,
107 Reykjavík.

5.5 Umsóknir og fylgigögn skulu vistuð hjá framkvæmdastjórn í læstri hirslu og flokkast sem trúnaðargögn. Um persónuleg málefni umsækjenda skal ríkja þagnarskylda.

5.6 Umsóknum og fylgigögnum skal eytt með tryggilegum hætti þegar afgreiðslu umsókna er lokið og ársreikningur Velferðarsjóðs og Bændasamtaka Íslands fyrir næstliðið ár hefur verið afgreiddur.

6. gr.

Afgreiðsla umsókna

6.1 Afgreiðsla umsókna og úthlutanir styrkja samkvæmt reglum þessum eru á hendi framkvæmdastjórnar. Fjárhagur og staða sjóðsins ræður úthlutunum á hverjum tíma. Greiðslufjárhæðir kunna að skerðast hlutfallslega ef sú fjárhæð sem til úthlutunar er í viðkomandi afgreiðslu er lægri en sú fjárhæð sem sótt er um og umsækjendur hafa að hámarki rétt á skv. 4. gr..

6.2 Framkvæmdastjórn sker úr um vafaatriði, t.d. sjóðsaðild, styrkhæfi umsókna og önnur mál er kunna að koma upp. Leitast skal við að gæta jafnræðis meðal umsækjenda.

6.3 Miðað skal við að afgreiðsla umsókna fari fram að lágmarki tvisvar sinnum á ári. Umsóknarfrestur skal kynntur sjóðsfélögum skv. grein 3.2. 6.4 Ákvarðanir um afgreiðslu umsókna skulu kynntar skriflega. Sé rökstuðnings fyrir ákvörðun óskað skal beiðni þess efnis berast framkvæmdastjórn innan tveggja vikna frá því að ákvörðunin var kynnt. Framkvæmdastjórn skal skila rökstuðningi skriflega og innan hæfilegs frests.

7. gr.
Fyrirvarar

7.1 Ákvarðanir um greiðslur úr sjóðnum eru alfarið á valdi framkvæmdastjórnar sjóðsins. Þær eru endanlegar og verður ekki áfrýjað.

7.2 Framkvæmdastjórn er heimilt að afturkalla loforð um styrkveitingu eða krefjast endurgreiðslu styrksupphæðar að fullu, verði hún þess áskynja að ófullnægjandi, rangar eða villandi upplýsingar hafi verið veittar í umsókn.

7.3 Greiðsluskylda getur aldrei stofnast umfram innistæðu í sjóðnum. Framkvæmdastjórn er heimilt að afturkalla loforð um styrkveitingu, eftir að loforð var mótttekið og áður en styrkur er greiddur, ef í ljós kemur að fjárhagur sjóðsins leyfir ekki.

7.4 Framkvæmdastjórn áskilur sér rétt til að krefjast endurgreiðslu í þeim tilvikum sem greitt hefur verið umfram skyldu, enda geri stjórn styrkþega viðvart innan sanngjarns frests.

8. gr.
Samþykkt og breytingar

Æðsta vald í málefnum Velferðarsjóðsins er stjórn Bændasamtaka Íslands. Framkvæmdastjórn er heimilt að breyta reglum þessum fyrirvaralaust, hvort sem er til þrengingar eða útvíkkunar og taka þær gildi við staðfestingu stjórnar Bændasamtaka Íslands.

Þannig samþykkt af framkvæmdastjórn Velferðarsjóðs Bændasamtaka Íslands í september 2020 og staðfest af stjórn BÍ 23. september 2020